

Reglur Sveitarfélagsins Ölfuss um heimgreiðslur/foreldragreiðslur

Hámarksupphæð greiðslna vegna 8 klukkutíma er kr. 100.000 á mánuði fyrir hvert barn. Greiðslurnar eru sambærilegar við niðurgreiðslu vegna vistunar barna hjá dagforeldrum í sveitarfélaginu.

Heimgreiðslur eru hugsaðar til þess að foreldrar geti verið lengur heima með barni sínu eftir að töku fæðingarorlofs lýkur.

Skilyrði fyrir heimgreiðslum

- Greiðslurnar eru háðar því að barn og foreldrar/forráðamenn séu með lögheimili og aðsetur í Sveitarfélaginu Ölfusi.
- Hægt er að sækja um heimgreiðslur þegar fæðingarorlofi lýkur og er þá miðað við 12 mánaða aldur barna. Heimgreiðslur vegna barna einstæðra foreldra geta hafist þegar fæðingarorlofi forsjarforeldris lýkur. Ef fæðingarorlofi einstæðra foreldra lýkur fyrir 12 mánaða aldur barns skal skila inn staðfestingu á því.
- Foreldrum er heimilt að nýta sér heimgreiðslur allan þann tíma sem þeir kjósa að hafa börnin sín heima. Heimgreiðslur falla niður ef barn fer í annars konar dagvistun eða þegar skólavist hefst.
- Foreldrum er skylt að tilkynna til sveitarfélagsins ef barn þeirra hefur fengið úthlutað plássi hjá dagforeldrum eða á leikskóla.

Umsóknir og afgreiðsla

- Sækja þarf um heimgreiðslur rafrænt á íbúagátt Sveitarfélagsins Ölfuss. Einungis þarf að sækja um einu sinni fyrir hvert barn.
- Umsókn þarf að berast fyrir 20.dag mánaðar.
- Greiðslurnar eru eftirágreiddar og eru ekki afturvirkar.
- Útborgun heimgreiðslna er ekki síðar en fjórða virka dag hvers mánaðar.
- Heimgreiðslur eru greiddar í 11 mánuði á ári, ekki er greitt út í júlímánuði.

Verði um ofgreiðslu á heimgreiðslum að ræða áskilur sveitarfélagið sér rétt til endurgreiðslu. Sé ofgreiðsla á grundvelli þess að umsækjandi hafi gefið upp rangar upplýsingar eða hann hafi ekki tilkynnt um breytingar á högum sínum sem hafa áhrif á rétt til greiðslu er heimilt að leggja dráttarvexti á upphæð endurkröfunnar.

Reglur þessar voru samþykktar í fjölskyldu- og fræðslunefnd Sveitarfélagsins Ölfuss 21.02 2024 og staðfestar í bærarstjórn 29.02 2024.